

16. MAÍ
2024

HARPA
ELDBORG

Una Torfa og Sinfó



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UNA TORFADÓTTIR

Una Torfadóttir kom eins og sprenging inn í íslenskt tónlistarlíf árið 2022 þegar hún sendi frá sér stuttskífuna *Flækt og týnd og einmana* en fyrir hana hlaut hún Kraumsverðlaunin sama ár. Söngkonan, hljóðfæraleikarinn, texta- og lagahöfundurinn Una er þekkt fyrir mannlega texta og grípandi laglínur.

Hver smellurinn á fætur öðrum hefur náð miklum vinsældum og þar nægir að nefna lögina *Fyrirverandi, Þú ert stormur og Í löngu máli*.

Fyrir á árinu kom út önnur plata Unu, *Sundurlaus samtöl*, sú fyrsta frá henni í fullri lengd og hefur hún hlotið mikið lof gagnrýnenda. Á tónleikum kvöldsins hljóma mörg af vinsælustu lögum Unu í glænýjum hljómsveitarútsetningum ásamt nokkrum af uppáhaldslögum hennar sem hafa fylgt henni í gegnum tíðina.

Una vann verðlaun fyrir söng ársins í flokknum popp-, rokk-, rapp- og raftónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2022 og var tilnefnd sem nýliði ársins á Hlustendaverðlaununum 2023. Þá var hún einnig tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2023 fyrir söng ársins og sem flytjandi ársins í sama flokki og árið áður.

ROSS JAMIE COLLINS

Hljómsveitarstjórinn Ross Jamie Collins hefur þegar vakið athygli í tónlistarheiminum fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og mikla persónutöfra.

Ross lauk framhaldsnámi við Colburn-konservatoríð í Los Angeles árið 2023 og starfaði samhliða námi sem Salonen-Fellow undir handarjaðri Esa-Pekka Salonen við Sinfóníuhljómsveitina í San Fransisco. Hefur hann aðstoðað Salonen bæði heima og heiman, svo sem með Philharmonia-hljómsveitinni í Lundúnum, NDR-hljómsveitinni í Elbphilharmonie í Hamborg, Fílharmoníusveitinni í Helsinki og Orchestre de Paris, auk sinfóníuhljómsveitanna í Houston og Fíladelfú. Nú um stundir er Collins einnig Dudamel-Fellow hjá Fílharmoníusveitinni í Los Angeles.

Ross Jamie Collins er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2023-24.

Una Torfa og Sinfó

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 16. MAÍ KL. 20:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Una Torfadóttir
einsöngvari og lagahöfundur

Hafsteinn Þráinsson
gesta-einleikari

Tumi Torfason
gesta-einleikari

En, forleikur

Una Torfadóttir
Úts. Greta Salóme Stefánsdóttir

Þú ert stormur

Una Torfadóttir og Hafsteinn Þráinsson
Úts. Þórður Magnússon

Ekkert að

Una Torfadóttir
Úts. Þórður Magnússon

Engin spurning

Una Torfadóttir
Úts. Hafsteinn Þráinsson

Er það ekki?

Una Torfadóttir
Úts. Hafsteinn Þráinsson

When I Think of Angels

Kristján Kristjánsson
Úts. Hrafnkell Orri Egilsson

Um mig og þig

Una Torfadóttir
Úts. Viktor Orri Árnason

Eina sem er eftir

Una Torfadóttir

Appelsínugult myrkur

Una Torfadóttir
Úts. Hafsteinn Þráinsson

Hlé

Heima

Una Torfadóttir

Lágum við tvær í laut

Una Torfadóttir
Úts. Viktor Orri Árnason

Það sýnir sig

Sigurður Guðmundsson
Úts. Viktor Orri Árnason

En

Una Torfadóttir
Úts. Greta Salóme Stefánsdóttir

Stundum

Una Torfadóttir
Úts. Þórður Magnússon

Verum í sambandi

Sprengjuhöllin
Úts. Viktor Orri Árnason

Ef þú kemur nær

Una Torfadóttir
Úts. Þórður Magnússon

Fyrirverandi

Una Torfadóttir
Úts. Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir

Róbert Steingrímsson
hljóði í sal

Helgi G Thoroddsen
lýsing í sal

Tónleikarnir eru teknir upp í hljóði og mynd og verða sendir út á Rás 1 þann 17. júní.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Baggalútur og Sinfó

STÓRTÓNLEIKAR Í ELDBORG
13. JÚNÍ | 15. JÚNÍ

Tvær ástsælustu hljómsveitir landsins sameina krafta sína í Eldborg í júní. Leikin verða vinsælustu lög Baggalúts, útsett fyrir hljómsveitina af fagfólki – þar sem listrænir núansar og blæbrigði í melódíum og textum fá notið sín til fulls. Hljómsveitarstjóri er Ross Jamie Collins, staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Óhætt er að lofa skemmtun á heims mælikvarða fyrir alla unnenndur sinfónískrar kántrítónlistar.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS